



## Ársfundur 9. maí 2017 Skýrsla stjórnar flutt af Eiríki Birni Björgvinssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2016 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabil rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er byggður á ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af raunverulegri eignastöðu í árslok.

Ávöxtun sjóðsins var ágæt á árinu í samanburði við aðra sjóði, en frekar slök ef miðað er við fyrra ár. Nafnávöxtun var 4,4% og hrein raunávöxtun var 2,3% samanborið við 11,2% nafnávöxtun og 9,0% raunávöxtun á árinu 2015.

Almennt var síðasta ár erfitt fyrir lífeyrissjóði landsins og voru þeir flestir með ávöxtun undir markmiðum sínum. Ástæða þess er einkum sú að hlutabréfaverð stóð nánast í stað á árinu og gengi íslensku krónunnar styrktist mikið. Í þessu árferði reyndist ávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar hlutfallslega nokkuð góð þar sem eignir eru að stærstum hluta skuldabréf, sem gáfu betri ávöxtun en hlutabréf og erlendar eignir á síðasta ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,2% og 3,9% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin, áhættustig sjóðsins lágt og hann vel innan skilgreindra áhættuviðmiða.

Ríkisskuldabréf eru rétt um 50% af heildareignum sjóðsins í árslok 2016.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.237 milljónir kr. á árinu, m.a. vegna breyttra forsendna um lífslíkur.

Eignir sjóðsins duga nú fyrir 58% af skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir því ekki alfarið á sjóðssöfnun.

Störf stjórnar voru með hefðbundnu sniði á árinu og hefur stjórnin fundað alls 5 sinnum frá síðasta ársfundi en 247. fundur stjórnar sjóðsins var haldinn fyrr í dag.

Eins og undanfarin ár að þá sá Stapi lífeyrissjóður um rekstur sjóðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Í byrjun árs 2017 náðist samkomulag milli Akureyrarbæjar og ríkisins um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga Öldrunarheimila Akureyrarbæjar en enn hefur uppgjör ekki farið fram þar sem enn standa út af atriði sem á eftir að ganga endanlega frá.

Megininntak samningsins er að ríkissjóður tekur yfir og ábyrgist 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilanna hjá LSA eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. desember 2015.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.